



## Búvörusamningar – frysting á óbreyttu ástandi?

Nýir búvörusamningar voru undirritaðir þann 19. febrúar sl. og gilda þeir til 10 ára. Þeir verða endurskoðaðir tvisvar á samningstímanum, árin 2019 og 2023. Gildistíminn er óvenju langur og er ástæðan sögð vera að með samningunum sé ráðist í óvenju miklar breytingar á starfsumhverfi landbúnaðarins sem kalli á langtímahugsun.

Um fjóra samninga er að ræða; rammasamning um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins og samninga um starfsskilyrði nautgriparæktar, sauðfjárræktar og garðyrkju. Fjallað var um helstu álitaeefni samningsgerðarinnar í nýlegri [Hagsjá](#)<sup>1</sup>.



### Deiluefnum slegið á frest

Ákveðið var að frysta núverandi stöðu og fresta ákvörðun um afnám kvótakerfis í mjólkurframleiðslu til almennrar atkvæðagreiðslu meðal bænda um málið sem yrði haldin árið 2019 samhliða fyrstu endurskoðun samningsins.

Ákveða skal heildargreiðslumark mjólkur og greiðslumark einstakra lögbýla fyrir árin 2017-2020 með sama hætti og gert var fyrir árið 2016. Samkvæmt samningnum er stefnt að því að heildargreiðslumark falli niður í ársbyrjun 2021 nema annað verði ákveðið við endurskoðun samningsins 2019. Greiðslumark einstakra lögbýla heldur þannig gildi sínu sem viðmið fyrir beingreiðslur fram til ársloka 2025.

### Kaupskylda ríkissjóðs á greiðslumarki

Í framhaldi af mikilli umræðu um afleiðingar afnáms greiðslumarksins verður frjálst framsal á greiðslumarki óheimilt. Þess í stað hefur ríkissjóður nú tekið á sig innlausnarskyldu á greiðslumarki gagnvart öllum sem óska eftir sölu á árunum 2017-2019. Við innlausn mun greiðslumarkshafi fá greitt tvöfalt núvirt andvirði greiðslna sem hann á eftir samkvæmt greiðslumarki sínu. Ríkissjóður skal síðan bjóða innleyst greiðslumark til sölu á því verði



<sup>1</sup> <https://umraedan.landsbankinn.is/efnahagsmal/2016/02/16/Hagsja-Buvorusamningar-skiptar-skodanir/>

hann greiddi við innlausn. Ef ekki tekst að selja innleyst greiðslumark skal mæta því með skerðingu á öðrum liðum samningsins samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga.

### **Viðskipti með greiðslumark ættu að auka hagkvæmni**

Almennt mætti ætla að viðskipti með greiðslumark auki hagkvæmni í framleiðslu mjólkur þar sem skilvirkustu framleiðendurnir myndu smám saman að ná til sín meiri kvóta. Með viðskiptum með greiðslumark hefur hins vegar smám saman myndast fjárhagslegur ávinningur og eign vegna styrkjakerfisins. Þessi eign rennur smám saman út úr kerfinu og fyrir nokkrum árum var metið að u.þ.b. þriðjungur opinberra styrkja til landbúnaðar rynni til fyrrverandi bænda og fjármálastofnana í formi fjármagnskostaðar<sup>2</sup>. Opinber stuðningur eykur þannig ábata nýrra bænda lítið þegar lítið er til lengri tíma.


### **Verður offramboð á greiðslumarki?**

Staða þeirra bænda sem höfðu keypt mikið greiðslumark á síðustu árum var einmitt eitt af stóru umræðuefnunum í aðdraganda búvörusamningsins. Ekki verður annað séð en að þarna sé orðin til útgönguleið fyrir þá sem óska eftir að minnka greiðslumark sitt. Sú spurning hlýtur einnig að koma upp hvers virði greiðslumarkið verður ef bændur ákveða að afnema kvótakerfið í atkvæðagreiðslu við fyrstu endurskoðun samningsins á árinu 2019. Komi til þess að margir vilji selja greiðslumark og fáir kaupa hlýtur að koma til þess að ríkissjóður þurfi að jafna stöðu sína og það á að gerast innan ramma samningsins sjálfs. Fari svo þarf væntanlega að skerða aðrar greiðslur sem fara fram á grundvelli samningsins.


### **132 milljarða verðtryggður samningur**

Greiðslur samkvæmt samningunum nema um 13,8 ma.kr. árið 2017 en endá í 12,7 ma.kr. árið 2026 við lok samnings, eða um 132 ma.kr. alls. Samningurinn er rækilega verðtryggður. Árleg framlög miðast við forsendur fjárlaga fyrir árið 2016, en taka árlegum breytingum í samræmi við verðlagsuppfærslu

### **Greiðslur ríkissjóðs vegna landbúnaðarframleiðslu**



### **Kostnaður við nýjan búvörusamning**



<sup>2</sup> Benda má á að mjólkurframleiðsla er frekar fjármagsfrek atvinnugrein. Tæki og tól í fjósum, húsnæði, ræktarland, landbúnaðartæki taka til sín fé og því ekki óeðlilegt að stór hluti kostnaðar bænda sé fjármagnskostnaður, sérstaklega fyrir nýja bændur sem kannski koma með tiltölulega lítið eigið fé inn í reksturinn



fjárlaga. Ef þróun meðaltalsvísitölu neysluverðs verður hins vegar önnur en verðlagsforsendur fjárlaga á árinu skal leiðrétta mismunurinn í fjárlögum næsta árs. Hér er því um eins konar tvöfalda verðtryggingu að ræða.

### ***Dýr framleiðsla***

Fram hefur komið að á árunum 2011 til 2013 hafi íslenskir neytendur þurft að borga 8 milljörðum krónum meira fyrir mjólkina sem neytt var en ef mjólkinn hefði verið flutt inn<sup>3</sup>. Framleiðslukostnaður mjólkur á þessum árum var metinn 15,5 ma.kr. en innflutningur á samskonar mjólk hefði kostað 7.5 ma.kr. Sú gagnrýni hefur einmitt komið fram varðandi þennan samning að neytendur komi hvergi að borðinu og hagsmunir þeirra komist hvergi að.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

---

<sup>3</sup> Hagfræðistofnun, Mjólkurframleiðsla á Íslandi, staða og horfur. Skýrsla nr. C14:04, júní 2015.